

Reykjavík 19.01.2021

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis  
b/t Árna Davíðssonar, Þverholti 3,  
270 Mosfellsbæ.

**Efni: Staða á svæði Vöku þegar úttekt fór fram þann 12. janúar 2021**

Vaka hf. hefur lokið hreinsun á svæði sínu í Leirvogstungu. Í dag er engin hættu á mengun frá málmum, tækjum eða bifreiðum. Hér er útlistning á því hvað hefur verið gert.

1. Hreinsun er lokið á öllum svæðum og eru einungis eigur Vöku geymdar á svæði 1. Það er svæðið sem Ístak var með sitt geymslusvæði, áður en þeir fluttu sig yfir á næstu lóð við hliðina. Ístak leigir þá lóð af Mosfellsbæ.
2. Lokuðum gámum hefur verið raðað snyrtilega upp á svæði 1.
3. Um 20 tonnum af timbri hefur verið skilað í Sorpu.
4. Bifreiðum og tækjum í eigu Vöku hefur verið raðað snyrtilega upp á svæði 1.
5. Allt óflokkað efni hefur verið sett í krókheysisgáma á svæði 1.

Hvert er framhaldið hjá Vöku með svæði 1?

1. Allir krókheysisgámar með óflokkuðu efni verða teknir af svæðinu og efni flokkað á vinnslusvæði Vöku á Héðinsgötu. Engin vinnsla mun fara fram á svæðinu.
2. Lokaðir gámar verða ýmist teknir af svæðinu og fargað eða málaðir til að falla vel að svæðinu.
3. Vaka mun óska eftir starfsleyfi fyrir geymslusvæði að nýju á því svæði sem Ístak var áður.

Það hefur verið unnið mikið verk og búið að koma svæðinu í ásættanlegt horf að mínu mati. Það mun samt sem áður taka fram á vorið að klára málið endanlega, þar að segja að tæma krókheysisgáma, mála lokaða gáma ofl. Ég átta mig á því að traust hefur verið brotið á milli aðila og mun ég þurfa að vinna það upp aftur með kjörnum fulltrúum sem og íbúum Mosfellsbæjar. Ég erfði þetta mál eftir að ég byrjaði sem framkvæmdastjóri síðastliðið sumar og ætla mér að bæta starfshætti félagsins. Ég tel mig hafa sýnt það í verki að mér sé umhuga um að koma málefnum Vöku í gott lag og mun halda því áfram. Ég vona því að þetta sé ásættanleg niðurstaða á þeim athugasemdum sem komu frá Heilbrigðisnefnd og Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

Ég læt fylgja með þessu erindi skýrslu sem sýnir þær breytingar sem ég hef framkvæmt á Héðinsgötu 2, starfsstöð Vöku. Það hefur verið mín sýn að það þarf ekki að hafa allt í skít og ógeði þó svo að Vaka sé að sinna endurvinnslu.

Virðingarfyllt,



Reynir Þór Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri